

fréttabréf **bssl**

Desember 2011 33. árgangur 13. tbl.



*Búnaðarsamband Suðurlands
sendir ykkur sínar hugheilustu
óskir um gleðileg jól og farsælt
nýtt ár.*

*Pökkum samstarfið
á árinu sem er að líða!*



*Kynbótastöð Suðurlands, Sauðfjárskoðingastöð Suðurlands og
Bændabókhald BSSL senda bændum, búaliði og viðskiptavinum
sínnum bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir samstarfið
og viðskiptin á árinu sem er að líða!*

Opinn dagur á Stóra Ármóti

Vinningshafar

Á opnum degi á Stóra Ármóti 11. nóv. s.l. gafst börnunum sem komu kostur á að taka þátt í léttri getraun og litasamkeppni. Þátttaka var góð og vinningshafar voru eftirfarandi:

Vinningshafar í getraun:

Gabriel Ágústsson en hann fékk Skemmtibók Sveppa.
Hanna Dóra Höskuldsdóttir fékk Jólasögur -Sögusafn.

Vinningshafi í litasamkeppni:

Viðja Ágústsdóttir fékk Risa brandarabók Andrésar.

Við þökkum kærlega fyrir þátttökuna og óskum vinningshöfum til hamingju.
Verðlaunin hafa þegar verið send til vinningshafa.

efni bréfsins:

Skýrsluhald í hrossarækt
heimarétt o.fl.....bls.2

Áttu stóðhest.....bls. 2

Hollvinir LbhÍ
netföng.....bls.2

Frá FKS.....bls. 2

Bókin Hrossaræktin
til félaga í FH.....bls.2

Umsjónarmenn stóð-
hesta.....bls. 2

Niðurstöður úr rekstri
SUNNU-búa 2010.....bls.3

Sauðfjár-
skoðanir 2011.....bls. 4

NorFor
þátttakendur.....bls. 8

Vegið meðalverð
á dilkakjöti.....bls. 8

Erfðaframarar skila
meðalkúabúinu.....bls. 8



Skýrsluhald í hrossarækt –heimarétt o.fl.

Nú færa flestir hrossaræktendur sínar skýrslur rafrænt í gegnum heimaréttina. Þannig að á síðasta ári var ákveðið að senda ræktendum ekki folalda- og afdrifaskýrslu í pósti nema ræktendur óskuðu sérstaklega eftir því. Það voru því fáar skýrslur sendar út haust. Ef það eru einhverjir sem sakna þess að hafa ekki fengið skýrslurnar sendar er þeim bent á að hafa samband við undirritaða í síma 480-1800 eða senda tölvupóst á netfangið halla@bssl.is.

Þeim sem enn hafa ekki prófað að nota heimaréttina er eindregið ráðlagt að kíkja á hana og prófa að senda upplýsingar inn rafrænt. Þar er hægt að skrá afdrif fangs, folöld, geldingu, eigandaskipti og afdrif hrossa. Skilyrði fyrir því að hægt sé að skrá folöld í heimaréttinni er að árið 2010 hafi verið skilað inn stóðhestaskýrslu eða fyljunarvottorði. Þá kemur faðir folaldsins sjálfkrafa upp þegar farið er inn í

folaldaskýrsluna. Ef ekki hefur verið gert grein fyrir hjá hvaða stóðhesti móðirin var kemur ekki upp neinn faðir og því ekki hægt að skrá folaldið. Það er því mjög brýnt að þeir sem hafa haft umsjón með stóðhestum sl. sumar skili inn skýrslum varðandi notkun á hestunum. Nú þegar eru margar skýrslur komnar í hús. Skýrslurnar þurfa að vera undirritaðar af umsjónamanni stóðhestsins og ef dýralæknir hefur ómskoðað verður undirskrift hans líka að vera á skýrslunni að öðrum kosti er sónarskoðunin ekki skráð.

Þeir sem eru í hestamannafélagi eða Hrossaræktarsamtökum Suðurlands eiga rétt á fríum aðgangi að WorldFeng, endilega nýtið ykkur það. WorldFengur er ómissandi fyrir alla sem áhuga hafa á hrossum og hrossarækt!

Bestu jólakveðjur, Halla Eygló Sveinsdóttir

Áttu stóðhest sem stefnt er með á kynbótasýningu?

Þá er rétt að huga tímalega að því að taka DNA-sýni úr honum og foreldrum því nú fá stóðhestar ekki dóm nema að hafa sannað ætterni. Ef móðir stóðhests er dauð þarf að sanna móðernið eftir öðrum leiðum s.s. að taka DNA-sýni úr afkvæmum hennar (4-5 afkvæmum). Búnaðarsamband Suðurlands sér um DNA-sýnatöku fyrir þá sem vilja. Hægt er að panta sýnatöku í síma 480 1800 eða senda tölvupóst á halla@bssl.is eða petur@bssl.is.

Þó svo búið sé að taka storksýni úr nös á stóðhesti þarf einnig að taka blóðsýni úr honum. Blóðsýni eru geymd en stroksýnum er hent um leið og þau hafa verið greind. Margir fara þá leið að láta dýralækni taka blóðsýni sem síðan er tekið sýni úr til að DNA-greina, þannig geta menn sparað sér að láta taka stroksýni.

Í því skyni að draga úr tíðni spatts er skylda að röntgenmynda hækla á öllum stóðhestum sem náð hafa fimm vetra aldri og koma til dóms. Niðurstöður þurfa að liggja fyrir í WorldFeng áður en hesturinn er sýndur, þannig það er um að gera að draga það ekki lengi að láta mynda hesta sem stefnt er með í sýningu næsta vor. Heimilt er að taka myndina á því ári sem hesturinn nær 5 vetra aldri.

Frá Félagi kúabænda á Suðurlandi

Skipuð hefur verið kjörnefnd til undirbúnings kosninga í félagsráð fyrir aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi sem haldinn verður um mánaðarmótin janúar/febrúar. Þeim sem vilja gefa kost á sér eða koma á framfæri uppástungum um fólk til þessara trúnaðarstarfa er bent á að setja sig í samband við nefndina, en hana skipa:

Ásmundur Lárusson Norðurgarði, símar 486 5636 / 895 8436,
Ari Árnason Helluvaði, símar 487 5222 / 898-5423 og
Kjartan Magnússon Fagurhlíð, símar 487 4702 / 899 4702.

Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi

Hollvinir LbhÍ - netföng

Innan skamms mun stjórn Hollvinafélags LbhÍ senda út fréttabréf í tölvupósti. Í því verður m.a. fjallað um fyrirhugað málþing um skólann sem verður haldið í byrjun nýs árs. Nú er verið að safna netföngum þeirra sem hafa lokið námi við Landbúnaðarháskóla Íslands eða fyrirrennara skólans á Hvanneyri. Sama gildir um þá sem luku námi við Garðyrkjuskóla ríkisins Reykjum, fyrrverandi starfsmenn þessara skólastofnana og Rala - og aðra sem vilja fylgjast með starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands. Sendið póst á netfangið: askell@lbhi.is. Vinsamlega skrifið fullt nafn í tölvupóstinum svo netfangið verði örugglega tengt við rétt nafn í nemendaskrá. Nánari upplýsingar gefur Áskell í síma 843 5307.

Bókin Hrossaræktin 2011 til félaga í FH



Allir félagsmenn í Félagi hrossabænda fá eintak af bókinni Hrossaræktin 2011 sér að kostnaðarlausu. Aðildarfélag FH sjá um að afhenda bækurnar. Félagar í HS geta fengið bókina afhenta hjá Höllu Eygló á

skrifstofu Búnaðarsambands Suðurlands að Austurvegi 1 á Selfossi. Þeir sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu geta sótt bækur skiptiborð Bændasamtakanna í Bændahöllinni á 3. hæð á skrifstofutíma.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

Umsjónarmenn stóðhesta

Munið að skila inn stóðhestaskýrslum eða fangvottorðum þannig hryssueigendur geti skráð folöldin sem fæðast næsta sumar rafrænt í WoldFeng. Skýrslurnar þurfa að vera undirritaðar af umsjónamanni og dýralækni ef hryssurnar hafa verið ómskoðaðar.



Niðurstöður úr rekstri Sunnu-búa 2010

-Tekjur lækka um 8,7 kr/l, breytilegur kostnaður lækkar um 2,2 kr/l-

Uppgjöri ársreikninga Sunnu-bænda á Suðurlandi vegna rekstrarársins 2010 er nú lokið. Alls tóku þátt í verkefninu 63 kúabú. Yfirlit yfir afkomu ársins 2010 hefur verið tekið saman og borið saman við fyrri ár. Niðurstöður meðal Sunnubúanna má sjá í töflunni hér að neðan. Allar tölur eru miðaðar við verðlag ársins 2010 með meðalhækkun á vísitölu neysliverðs, 5,4%.

Áhyggjuefni er að tekjur búanna eru að dragast saman um 8,7 krónur að meðaltali á hvern innveginn mjólkurlíttra eða 6,5% á föstu verðlagi.

Mikil breytileiki er innan þessa hóps í breytilegum kostnaði framleiðslunnar. Nefna má að þau bú sem eru með lægstan breytilegan kostnað á innlagðan lítra eru að framleiða mjólkina á innan við 40 kr/l en því miður eru önnur bú með breytilegan kostnað upp í 55 til 60 kr/l – þar er verk að vinna að lækka kostnað.

Framlegðarstig lækkar um 0,3% milli ára og er að meðaltali 60,5% árið 2010. Þessi lækking skýrist af hlutfallslega meiri lækkingun á búgreinatekjum en breytilegum kostnaði

Meðal annarra athyglisverðra niðurstaðna úr þessum samanburði milli áráanna 2009 og 2010 má nefna:

Afurðastigið lækkar úr 5.313 í 5.254 lítra/árskú. Raunlækkingun er meiri því eftir er að taka inn erfðafarfarir.

Sama gildir um próteinið það lækkar úr 3,32 í 3,29. Próteinið hefur lækkað frá því að vera árið 2006 í 3,36

Alls fást 122,0 kr/l í búgreinatekjur sem er lækkingun um 5,8 kr/l milli áráanna 2009 og 2010 sé miðað við verðlag ársins 2010. Hér munar mestu um lækkingun á beingreiðslum sem nemur 6,5% eða 2,7 kr/l. Beingreiðslurnar hækkuðu um 2,0% milli ára meðan verðlagshækkunin var 5,4%. Afurðarstöðvaverðið lækkar um 5,0% eða 3,6 kr/l.

Breytilegur kostnaður lækkar úr 50,2 kr/l í 48,0 kr/l. Munar þar mestu um kjaranfóðrið en það lækkar um 1,4 kr/l.

Hálffastur kostnaður hækkar milli ára úr 21,5 kr/líttra í 22,6 kr/líttra. Er mesta hækkunin í liðnum laun og launatengd gjöld.

Skuldir lækka sem kemur til vegna skuldaleiðréttinga.

Afkoma þessara búá versnar milli ára um 7,6 kr. á innveginn lítra eða sem svarar til um 1,7 milljónir króna miðað við um 230.000 lítra innlegg. (sjá hagnað fyrir laun, fyrn. og vexti).

Að lokum

Ljóst er að kostnaðaradhald og hagræðing þessara búá hefur verið mikil milli ára. Spurning er hvort sum búin séu komin að

ákveðnum þolmörkum og ekki hægt að skera meira niður. Ef á heildina er litið er frábær árangur að ná að viðhalda svipuðum breytilegum kostnaði milli ára. Hins vegar þurfa tekjur að aukast. Próteinið er fremur lágt og þarf að hækka. Það gæti kostað að hækka próteinið en ef vel tekst til ætti það vera fljótt að skila sér til baka. Rekstur búvéla hækkar og kemur það til vegna hækkunar á olíu auk þess sem viðgerðir og varahlutir hafa hækkað.

Margrét og Runólfur

Meðaltöl Sunnubúanna				
Tölurnar eru uppfærðar miðað við verðlag 2010			5,4% verðlagshækkun	
Hlutfall af innvigtun í MS-Selfoss				
Hlutfall af innvigtun SAM				
	2009	2010	Breyting (kr/l)	Breyting (%)
Innlögð mjólk ltr.	256.246	261.721		2,1 %
Greiðslumark í mjólk (lítr.)	229.376	238.613		4,0 %
Framleiðsla umfram greiðslumark	111,7%	110,6%		-1,0 %
Innlagt á árskú ltr.	5.313	5.254		-1,1 %
Fitu%	4,08	4,09		0,2 %
Prótein (%)	3,32	3,29		-0,7 %
Búgreinatekjur kr/l				
Afurðast. verð kr/l	72,7	69,1	-3,5 kr/l	-4,8 %
Beingr./Gripagr. kr/l	41,8	39,1	-2,7 kr/l	-6,4 %
Aðrar nautgripaafurðir kr/l	10,5	10,8	0,2 kr/l	2,1 %
Aðrar búgreinatekjur	2,9	3,0	0,1 kr/l	3,4 %
Samtals búgreinatekjur	127,8	122,0	-5,8 kr/l	-4,6 %
Aðrar tekjur	4,4	1,6	-2,8 kr/l	-63,1 %
Samtals tekjur	132,3	123,6	-8,7 kr/l	-6,5 %
Breytilegur kostnaður kr/l				
Kjarnfóður	15,6	14,2	-1,4 kr/l	-9,1 %
Áburður	9,9	9,5	-0,4 kr/l	-4,1 %
Sáðvörur	1,2	1,2	0,0 kr/l	-2,9 %
Rekstur búvéla	6,3	6,8	0,5 kr/l	8,7 %
Rúlluplast og garn	2,6	2,4	-0,2 kr/l	-6,0 %
Aðrar rekstrarvörur	3,0	2,8	-0,2 kr/l	-5,3 %
Lyf og dýralækningar	2,8	2,4	-0,4 kr/l	-15,1 %
Búnaðargjald 1,2%	1,5	1,4	-0,1 kr/l	-6,5 %
Verktakagreiðslur s.s. rúllubinding	2,2	2,0	-0,2 kr/l	-7,8 %
Önnur þjónusta	5,0	5,1	0,2 kr/l	3,3 %
Samtals BK kr/l	50,2	48,0	-2,2 kr/l	-4,3 %
Framlegðarstig	60,8%	60,5%		-0,4 %
Hálffastur kostnaður				
Tryggingar og skattar	2,3	2,4	0,1 kr/l	4,6 %
Viðhald útihúsa, girðinga,vega	4,1	4,3	0,2 kr/l	4,9 %
Annar kostnaður	5,2	4,1	-1,1 kr/l	-26,4 %
Rafmagn og hitaveita	1,9	2,0	0,1 kr/l	3,9 %
Rekstrarkostn. bifreiðar	4,7	4,7	0,0 kr/l	0,0 %
Laun og launatengd gjöld	3,3	5,1	1,8 kr/l	34,9 %
Samtals FK kr/l	21,5	22,6	1,1 kr/l	4,7 %
Hagn.f.laun, fyrn. og vexti				
Afskriftir og niðurfærsla				
Afskriftir útihúsa og ræktunar	3,8	4,4		13,9 %
Afskriftir véla og tækja	8,3	6,4		-29,7 %
Niðurfærsla greiðslumarks	9,3	7,3		-27,7 %
Samtals fyrningar	21,7	18,1		-19,9 %
Fjármagnsliðir	34,2	10,0		-242,9 %
Efnahagur				
Skuldir alls	100.072	81.053		-23,5 %
Skuldir/veltu	2,8	2,3		-20,4 %



Af hauststarfinu í sauðfjárrækt 2011

Sauðfjárskoðanir 2011

Hauststarfið í sauðfjárrækt hófst á samræmingar-námskeiði á Stóra-Ármóti fyrir starfsfólk í sauðfjárdómum. Fyrstu lambaskoðanir haustsins voru 5. september og þær síðustu 31. október. Mesti annatíminn var frá 12. september til 14. október og voru fjögur gengi í gangi 1 dag, þrjú gengi 7 daga, tvö gengi í 14 daga og eitt gengi í 10 daga. Nýting daga var yfirleitt góð.

Aðalstarfsmenn haustsins voru Óðinn Örn, Halla Eygló, Hermann, Sigríður Ólafsdóttir, Grétar Már, Ágúst Ingi og Halla Kjartansdóttir. Jón Viðar kom að dómsstörfum í afkvæmarannsókninni Ytri-Skógum. Guðmundur Jóhannesson, Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir og Sveinn Rúnar Ragnarsson komu að skoðunum í nokkra daga. Sólrún Ólafsdóttir sá um skráningu á dómum í fjarvis.is og exel. Bændum var boðið upp á að skrá dómana sjálfir og fengu þeir 10% afslátt af gjaldskrá Búnaðarsambandsins. Þetta fyrirkomulag tókst með ágætum en þó voru nokkrir bændur sem voru ekki búnir að skrá dómana viku eftir dóm og féll því afslátturinn niður hjá þeim. Fanney Ólöf sá um skipulag haustsins í samstarfi við formenn fjárræktarféлага og sauðfjárræktarnefnd BSSL og sölureikningagerð.

Haustfundirnir í sýslunum fjórum voru haldnir dagana 23. og 24. nóvember. Á fundunum fóru Fanney Ólöf og Sigríður Ólafsdóttir yfir niðurstöður hauststarfsins. Sveinn Sigurmundsson fór yfir starfsemi Sauðfjársæðingarstöðvar Suðurlands ásamt því að sýna myndband frá Sauðfjársæðingastöðinni sem Magnús Hlynur Heiðarsson tók. Þótti það velheppnað. Eyjólfur Ingi Bjarnason frá Bændasamtökum Íslands kynnti hrútakost Sauðfjársæðingastöðvarinnar ásamt því að kynna masters-verkefnið sitt frá Landbúnaðarháskólanum í Ási Noregi sem fjallar um „Ræktunarskipulag fyrir íslenskt sauðfé“. Kaffi og kökur voru í boði Sauðfjársæðinga-stöðvar Suðurlands í kaffihléi. Verðlaunaveitingar voru að venju í hverri sýslu fyrir bestu hrútana. Fimm sauðfjárnú voru verðlaunuð fyrir lambhrúta sem voru hæst stigaðir fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri. Þrjú veturgamlir hrútar voru verðlaunaðir fyrir einstaklingsdóm og 5 eldri hrútar í hverri sýslu voru verðlaunaðir fyrir BLUP kynbótamat. Hrútar, bæði veturgamlir og lambhrútar, sem dregnir voru niður fyrir haus (t.d. vegna skakks bits) eða með gallaða fætur komu ekki til greina sem verðlaunahrútar og voru teknir af listanum yfir þá

stigahæstu vegna þessara galla. Þeir hrútar sem eru í töflunum eru því allir með 8,0 fyrir haus og fætur. Dregið er 0,5 stig af samanlögðum stigum fyrir bak, malir og læri hjá lambhrútum sem eru gengnir einir undir.

Verðlaunaplattar voru veittir í öllum flokkum og voru þeir gefnir af Búnaðarsambandi Suðurlands.

Veturgamlir hrútar

Í haust voru dæmdir 654 veturgamlir hrútar sem er 9 hrútum færri en haustið 2010. Vænleiki var betri en í fyrra en hrútarnir voru að meðaltali 83,0 kg. Þyngstu hrútarnir voru í Gaulverjabæjarhreppi 103,5 kg að meðaltali en það voru bara 2 hrútar dæmdir þar. Veturgamlir hrútar í Biskupstungum voru næstir í röðinni, 89,1 kg að meðaltali. Meirihluti hrútanna eða 96% fékk I verðlaun A. Flestir hrútar voru dæmdir í Holta- og Landsveit, 67. Veturgömlu hrútarnir dæmdust mjög svipað að meðaltali þetta haustið, bæði í lærastigum (17,7) og heildarstigum (84,3). Ómvöðvi var 35,7 mm, 1 mm þykkari en 2010. Heildarstig voru hærri 83,0 í stað 81,4 árið 2010. Af þessum 654 hrútum voru 356 (54%) undan sæðingahrútum. Kveikur átti flesta syni þetta haustið eða 57. Á eftir honum komu Þrjónn 36, Borði 35, Fannar 32, Sokki 31 og Hriflon 30. Synir Borða voru með mikla yfirburði hvað ómvöðvann varðar 39,1 mm. Það er 1,4 mm fyrir ofan næstu hrúta á eftir. Synir Hriflons, Borða og Þrjóns voru að koma best út í heildina. Bogi átti flesta syni af kollóttu hrútunum eða 21. Bogi, Týr og Blossi voru að gefa bestu synina.

Hæst dæmdu veturgömlu hrútana 2011 má sjá í töflu hér fyrir neðan.

Efsti veturgamli hrúturinn fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri í Árnassýslu var Þróttur 10-210 frá Oddgeirshólum, föðurfaðir hans Papi 04-964. Í Rangárvallasýslu var Borði 10-084 frá Austvaðsholti 1b, undan Borða 08-838, í fyrsta sæti. Í fyrsta sæti í Vestur-Skaftafellssýslu var 10-520 frá Ytri-Ásum, móðurfaðir hans er Ormum 02-933 og föðurföðurfaðir Erpur 01-919. Í Austur-Skaftafellssýslu var í fyrsta sæti Logi 10-136 frá Gerði undan Þrjóni 07-812.

Lambhrútar og gimbrar

Skoðaðir voru rúmlega 3.000 lambhrútar og um 11.000 gimbrar í sýslunum fjórum. Þar af voru 179 lambhrútar

Árnassýsla

Sæti	Númer	Nafn	Býli	Faðir	Frá	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lag	H+H	Br&Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	VL	BML
1	10-210	Þróttur	Oddgeirshólum	09-004 Spaði		86	122	42	5,3	5,0	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	9,0	89,5	1A	38,0
2	10-054	Blævar	Tóftum	Svípur		89	104	37	4,7	4,5	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	9,0	89,0	1A	38,0
3	10-378	Sambó	Þverspymu	05-965 Kveikur		100	122	50	3,3	5,0	9,0	9,0	10,0	9,5	18,5	8,0	8,5	88,5	1A	38,0

Rangárvallasýsla

Sæti	Númer	Nafn	Býli	Faðir	Frá	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lag	H+H	Br&Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	VL	BML
1	10-084	Borði	Austvaðsholti	08-838 Borði		85	121	49	3,7	5,0	9,0	8,5	10,0	9,5	18,5	8,0	8,5	87,5	1A	38,0
2	10-763	Gæi	Hjarðarbakka	07-812 Þrjónn	Kaldbak	78	120	43	4,1	5,0	8,5	8,5	10,0	9,0	18,5	8,0	8,5	87,0	1A	37,5
3	10-761	Gassi	Hjarðarbakka	08-838 Borði		74	117	39	4,9	5,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,0	87,0	1A	37,5

Vestur-Skaftafellssýsla

Sæti	Númer	Nafn	Býli	Faðir	Frá	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lag	H+H	Br&Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	VL	BML
1	10-520		Ytri-Ásum	08-458		100	129	44	3,7	4,5	9,0	9,0	9,5	9,5	18,0	8,5	9,0	88,5	1A	37,0
2	10-017	Vafi	Fagurhlíð	07-001 Börkur		96	115	43	6,1	5,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,5	8,5	88,0	1A	37,0
3	10-335	Þinur	Hörgslandi	06-444 Sproti	Þykkvat	94	112	41	6,8	5,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	9,0	87,5	1A	37,0

Austur-Skaftafellssýsla

Sæti	Númer	Nafn	Býli	Faðir	Frá	Þ.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lag	H+H	Br&Útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	VL	BML
1	10-136	Logi	Gerði	07-812 Þrjónn		96	117	46	4,9	5,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	8,5	87,5	1A	37,5
2	10-134	Loddi	Gerði	07-812 Þrjónn		82	121	44	5,8	4,5	8,5	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,5	87,0	1A	37,0
3	10-185		Hnappavöllum 5	07-835 Sokki		82	107	42	4,1	4,0	8,5	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	8,5	87,0	1A	37,0



dæmdir vegna afkvæmarannsóknar á Ytri-Skógum.

Rúmlega helmingur lambhrúta var undan sæðingahrútum, 52%. Urval góðra hrútsefna var mikið. Lambhrútar með 30 mm bakvöðva eða meira voru 1682 talsins (55%) sem er mjög gott. Þykkasti bakvöðvinn á lambhrút í haust mældist 44 mm og það var lambhrútur nr. 34 frá Þverspyrnu undan Grábotna 06-833. Sæðingahrútarnir voru almennt að koma vel út og er það ánægjulegt. Af hyrndu sæðingahrútunum átti Grábotni flesta syni, 268 og Gosi næstfesta með 196. Af kollóttu hrútunum áttu flesta syni Vöðvi með 34 og Neisti með 25.

Af hyrndu sæðingahrútunum voru Gosi og Þrjónn að koma sterkastir út að jafnaði á Suðurlandi. Lambhrútar undan Þrjóni voru hæstir í heildarstigum, 84,1, mjög jafnir og skemmtilegir átöku. Gosi var hæstur fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri og gaf þykkasta bakvöðvann 30,75 mm á Suðurlandi.

Af kollóttu hrútunum var Vöðvi sterkastur með hæstu heildareinkunnina og hæstur fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri á Suðurlandi.

Flestir lambhrútar dæmdir í Rangárvallasýslu, 906. Hæst heildarstig voru í Vestur-Skaftafellssýslu, 83,8 stig. Læra- og samanlögð stig fyrir bak, malir og læri (BML) voru mjög jöfn í sýslunum að meðaltali. Þykkasti bakvöðvinn að meðaltali var í Vestur-Skaftafellssýslu, 30,8 mm.

Gimbrarnar komu vel út að meðaltali yfir starfssvæðið. Heldur færri gimbrar voru skoðaðar þetta árið samanborið við í 2010. Gæti hugsanleg skýring verið minni hefyngur eftir kalt vor og þurr sumari og síðan gosin sem herjað

hafa á hluta starfssvæðisins. Meðalómvöðvinn á gimbrunum var 28,4 mm, fita 2,7 mm og læri 17,3.

Fimm sauðfjárbú voru verðlaunuð fyrir stigahæstu lambhrútana fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri í hverri sýslu, sjá töflu hér fyrir neðan. Í sýslunum fjórum voru 185 lambhrútar með 36,5 eða meira fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri. Af þessum 185 var helmingurinn undan sæðingahrútum. Gosi átti flesta syni, 29, og Grábotni kom næstur með 14 syni.

Sá hrútur sem fékk flest stig fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri í haust kemur frá Ketilsstöðum II í



Nr. 165 á Ketilsstöðum

Ámessýsla																					
Sæti	Býli	Nr.	B	G	L	Faðir	p.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+h	Br&útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Ósabakka II	62	2	2	10	10-786	Bliki	48	104	34	2,2	5,0	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,0	8,0	71,0	37,5
2	Bræðratunga	43	1	1	10	10-388		57	114	43	7,2	5,0	9,0	8,5	10,0	9,0	18,5	8,5	9,0	88,5	37,0
3	Stóru-Reykir	2	2	2	10	05-966	Raftur	58	114	36	2,7	5,0	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	9,0	88,0	37,0
4	Heiðarbær 1	11	2	2	12	07-844	Jökull	52	109	36	2,5	4,5	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	9,0	88,0	37,0
5	Brautartunga	182	2	2	10	08-143	Valur	50	105	31	3,5	4,5	9,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	9,0	88,0	37,0
Rangárvallasýsla																					
Sæti	Býli	Nr.	B	G	L	Faðir	p.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+h	Br&útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Ytri-Skógar	4	2	2	11	06-841	Hukki	59	105	40	2,9	5,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	9,0	88,5	37,5
2	Hlíðarendakot	326	2	2	10	09-337	Snær	55	111	37	2,5	5,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	9,0	88,5	37,5
3	Raufarfell 2	109	2	2	12	09-374	Spakur	58	113	36	2,5	5,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	9,0	88,5	37,5
	Raufarfell 2	67	2	2	12	10-404	Ófeigur	53	106	40	2,9	5,0	9,0	9,0	10,0	9,0	18,5	8,0	8,5	88,0	37,5
4	Raitholt	1214	2	2		09-107	Brúsi	51	110	36	2,7	5,0	8,5	9,0	9,5	9,5	18,5	8,0	9,0	88,0	37,5
5	Teigur 2	46	2	2	10	09-850	Gosi	52	111	35	2,8	5,0	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	7,5	9,0	88,0	37,5
Vestur-Skaftafellssýsla																					
Sæti	Býli	Nr.	B	G	L	Faðir	p.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+h	Br&útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Ketilsstaðir 2	631	2	2	30	07-845	Gandur	59	43	3,7	5,0	114	8,5	9,0	10,0	10,0	19,5	8,0	9,0	90,0	39,5
2	Hraungerði	7121	2	2	11	08-217		50	30	2,9	5,0	108	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	9,0	8,5	89,0	37,5
3	Borgarfell 1 og 3	2037	3	2	11	09-850	Gosi	51	40	3,1	5,0	111	9,0	9,0	10,0	9,0	18,5	7,5	9,0	88,0	37,5
4	Úthlíð	7401	2	1	10	10-721	Völsung	50	39	5,5	4,5	104	9,0	8,5	9,5	9,5	18,5	8,0	9,0	88,0	37,0
5	Herjólfsstaðir 1	3332	2	2	10	09-425	Þymir	60	38	4,1	5,0	108	9,0	9,0	9,5	9,5	18,0	8,0	9,0	88,0	37,0
Austur-Skaftafellssýsla																					
Sæti	Býli	Nr.	B	G	L	Faðir	p.	Fótl.	Ómv.	Ómf.	Lögun	H+h	Br&útl	Bak	Malir	Læri	Ull	Samr.	Alls	BML	
1	Setberg 1	1312	3	2	12	08-838	Borði	42	106	40	1,5	5,0	8,5	9,0	10,0	9,5	18,5	8,0	8,0	87,5	38,0
2	Akurnes	196	2	2	10	09-850	Gosi	52	107	41	2,2	5,0	8,5	9,0	10,0	9,0	18,5	8,0	8,5	87,5	37,5
3	Litla-Hof	23	1	1	10	08-839	Hólmi	52	108	41	2,1	4,5	9,0	9,0	9,5	9,5	18,5	8,5	9,0	89,0	37,0
4	Svínafell 3	505	2	2	10	09-521	Gári	57	105	36	2,9	5,0	8,5	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	9,0	87,5	37,0
	Setberg 1	3072	2	2	10	05-966	Raftur	46	104	40	1,9	5,0	8,5	9,0	10,0	9,0	18,0	8,0	8,5	87,0	37,0
	Svínafell 3	330	2	2	30	07-845	Gandur	53	107	40	2,1	4,5	8,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	9,0	87,0	37,0
	Svínafell 3	33	11g		10	10-524	Ormur	46	107	35	5,8	4,5	8,0	9,0	9,0	9,0	19,0	8,0	9,0	87,0	37,0
	Svínafell 3	148	2	2	30	07-845	Gandur	49	108	35	2,9	4,0	8,5	9,0	9,0	9,5	18,5	8,0	8,5	87,0	37,0
	Setberg 1	1181	3	2	12	08-838	Borði	44	105	37	2,8	4,0	8,5	8,5	9,5	9,0	18,5	8,0	8,5	86,5	37,0
5	Svínafell 2 og 4	771	2	2	10	08-465	Kverkur	46	111	37	2,1	4,5	8,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,0	8,5	86,5	37,0



Mýrdalshreppi og er undan Gandi 07-845 og móðurfaðir Kveikur 05-965. Hann fékk 39,5 stig fyrir BML, 90,0 heildarstig, 43 mm bakvöðva, 3,7 mm ómfita og 5,0 í lögum. Ketilsstaðir II stóðu því efstir í Vestur-Skaftafellssýslu 2011 fyrir lambhrúta.

Í Árnassýslu var Ósabakki II efstur með lambhrút nr. 62 undan Blika 10-786 Kveikssyni. Hann var með 37,5 fyrir BML, 87,0 heildarstig og 34 mm bakvöðva, 2,2 mm fitu og 5,0 í lögum. Í Rangárvallasýslu stóðu Ytri-Skógar efst með lambhrút nr. 4 undan Hukka 06-841. Hann var með 37,5 stig fyrir BML, 88,5 heildarstig og 40 mm bakvöðva, 2,9 mm fitu og 5,0 í lögum. Í Austur-Skaftafellssýslu var Setberg I í efsta sæti með lambhrút nr. 1312 undan Borða 08-838. Hann var með 38,0 stig fyrir BML, 87,5 heildarstig og 40 mm bakvöðva, 1,5 mm fitu og 5,0 í lögum. Setberg átti einnig verðlaunahrúta sem voru í 5. og 9. hæstir í stigum fyrir BML.

BLUP kynbótamatíð 2011

BLUP verðlaun eru veitt á hverju hausti þar sem reiknað er út frá upplýsingum úr skýrsluhaldinu árið áður. Reiknuð er út heildareinkunn fyrir hvern hrút sem átti að lágmarki 15 sláturlömb árið áður og hafði að lágmarki 98 í einkunn fyrir hvern eiginleika. Að þessu sinni datt enginn

hrútur út vegna þess. Heildareinkunnin er samsett af einkunn fyrir fitu, gerð, mjólkurlagni og frjósemi. Formúlan er:

$$(Fita+Gerð+Mólkurlagni+Frjósemi)/4=Heildareinkunn.$$

Með þessum hætti erum við að verðlauna hrúta sem eru bæði góðir í kjötmatinu og gefa góðar dætur. Af þeim 20 hrútum sem voru verðlaunaðir í sýslunum fjórum á Raftur 4 syni og Kveikur, Hylur og Lundi 2 syni hver. Efstur í Árnassýslu var Valdi 09-503 frá Arnarholti undan Rafti 05-966 með heildareinkunn 117,3. Efstur í Rangárvallasýslu var Salomon 08-412 frá Skarði undan Kveik 05-965 og er hann jafnframt hæsti „BLUP hrúturin“ yfir sýslurnar fjórar. Fyrir mistök var hann ekki í verðlaunapottinum á haustfundunum og fékk því ekki verðlaun þá en mun fá sinn verðlaunaplatta á vetrarfundum BSSL í sauðfjárrækt í mars á næsta ári. Í Vestur-Skaftafellssýslu var efstur eins og haustin 2009 og 2010 Fantur 07-160 frá Mýrum undan Rafti 05-966 með heildareinkunn 118,3. Hvellur 04-064 frá Bjarnanesi undan Hyl 01-883 var efstur í Austur-Skaftafellssýslu með heildareinkunnina 118,0.

Efstu hrútana í BLUP kynbótamati 2011 má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Árnassýsla

Sæti	Hrútur	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur		Heild. eink.	Sláturupplýsingar					
				Fita	Gerð	H.e.k.	Mj.l.	Fr.s.		Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita		
1	09-503	Valdi	Arnarholti	Raftur	05-966	117	135	124,2	102	115	117,3	19	19,3	12,30	7,50
2	08-226	Þróttur	Auðsholti 4	Bósi	06-231	126	132	128,4	99	109	116,5	65	16,2	9,98	5,77
3	08-323	Tígull	Brúsastöðum	Robbi	07-135	115	134	122,6	107	104	115,0	71	14,8	8,97	5,48
4	09-069	Drangur	Egilsstaðakoti	Bolli	06-821	133	105	121,8	100	118	114,0	18	16,8	9,70	6,20
5	09-021	Ormur	Syðri-Gróf	Lundi	03-945	118	107	113,6	111	120	114,0	19	18,8	9,30	7,20

Rangárvallasýsla

Sæti	Hrútur	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur		Heild. eink.	Sláturupplýsingar					
				Fita	Gerð	H.e.k.	Mj.l.	Fr.s.		Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita		
1a	08-412	Salomon	Skarði	Kveikur	05-965	136	108	124,8	121	119	121,0	166	16,8	9,68	6,39
1b	07-403	Skækill	Skarði	Raftur	05-966	146	114	133,2	103	104	116,8	243	17,0	9,96	6,41
2	09-426	Röðull	Skarði	Svartur	08-411	123	113	119,0	118	111	116,3	34	17,6	10,30	6,80
3	09-425	Prúður	Skarði	Salomon	08-412	122	102	114,0	120	119	115,8	45	17,6	9,70	7,00
4	08-111	Púki	Kaldbak	Kveikur	05-965	132	123	128,4	107	100	115,5	118	17,1	9,98	5,87
5	09-110	Arður	Kaldbak	Bolur	07-111	121	123	121,8	109	109	115,5	25	17,9	10,50	6,40

Vestur-Skaftafellssýsla

Sæti	Hrútur	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur		Heild. eink.	Sláturupplýsingar					
				Fita	Gerð	H.e.k.	Mj.l.	Fr.s.		Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita		
1	07-160	Fantur	Mýrum	Raftur	05-966	130	142	134,8	102	99	118,3	158	16,0	9,76	6,08
2	08-324	Logi	Hraunkoti	Kveikur	05-965	141	110	128,6	107	104	115,5	77	16,9	8,97	5,68
3	09-453	Rómur	Borgarfelli	Raftur	05-966	129	120	125,4	109	102	115,0	28	16,6	10,00	5,50
4	08-476	Biti	Borgarfelli	Bjálki	06-995	120	116	118,4	108	114	114,5	98	16,8	9,90	6,15
5	09-459	Hellir	Borgarfelli	Fálki	06-834	128	120	124,8	105	103	114,0	40	16,5	10,00	5,90

Austur-Skaftafellssýsla

Sæti	Hrútur	Býli	Faðir	Kjötmat			Dætur		Heild. eink.	Sláturupplýsingar					
				Fita	Gerð	H.e.k.	Mj.l.	Fr.s.		Fjöldi	Fallþ.	Gerð	Fita		
1	04-064	Hvellur	Bjarnanesi	Hylur	01-883	118	125	121	114	115	118,0	357	16,4	9,79	6,57
2	08-497	Hilli	Hvammi	Hylur	01-883	130	133	131	100	100	115,8	82	15,9	9,76	5,89
3	09-755	Þór	Vík	At	06-806	119	124	121	109	109	115,3	42	14,9	8,79	5,71
4	07-462	Skúmur	Svínafelli 2 Víðihlíð	Lundi	03-945	120	106	114	120	114	115,0	218	17,2	8,69	6,47
5	09-219	Kári	Fornustekjum	Freyðir	07-810	114	138	124	107	101	115,0	27	15,7	10,70	5,90



Nr. 4 í Ytri-Skógum.



Próttur 10-210 í Oddgeirshólum.



Nr. 1312 á Setbergi.



Barði 10-084 í Austvaðsholti 1b.



Nr. 62 á Ósabakka.



Hrútur nr. 10-520 í Ytri-Ásum.

Afkvæmarannsóknir

Gerðar hafa verið upp afkvæmarannsóknir hrúta fyrir 20 bú á starfsvæði Búnaðarsambandsins. Þetta eru helmingi færri bú en árið 2010 og er skýringin sú að fagráð í sauðfjarrækt ákvað að hætta að styrka afkvæmarannsóknir fyrir bú sem eru með 7 eða færri afkvæmahópa á búi. Gerðar voru upp afkvæmarannsóknir fyrir bú sem þess óskuðu og jafnframt þau bú sem náðu að lágmarksfjölda skoðaðra gimbra undan 8 hrútum eða fleirum á búinu. Styrkurinn af sauðfjársamningi kemur á móti þeirri vinnu BSSL við úrvinnslu rannsóknarinnar.

Rétt er að benda á að allar töflur er hægt að nálgast á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (www.bssl.is) undir sauðfjarrækt eða á skrifstofum Búnaðarsambandsins. Þar sem mikið er orðið til af hrútamyndum er verið að vinna í því að setja inn hrútamyndir haustsins á heimasíðu sem heitir: www.flickr.com/photos/bssl/. Þar verður með tímanum hægt að sjá alla dæmda hrúta sem stiguðust með 36,5 eða meira fyrir samanlögð stig fyrir bak, malir og læri. Endilega kíkilið á það.

Að lokum vilja starfsmenn Búnaðarsambandsins sem komu að hauststarfinu í sauðfjarrækt þakka bændum fyrir gott samstarf og óska bændum og búaliði gleðilegs og farsæls nýs árs.

Fanney Ólöf Lárusdóttir



Logi 10-136 frá Gerði.

Vegið meðalverð á dilkakjöti til bænda rúmar 492 kr/kg í haust

Landssamtök sauðfjárbænda hafa birt vegið meðalverð til bænda að fengnum niðurstöðum úr kjötmati haustsins. Lokaverðið reyndist lægra en áætlað hafði verið og skýrist það af því að flokkun var aðeins lakari í ár en í fyrra. Vegið meðalverð á lambakjöti reyndist vera rúmar 492 krónur pr kg. Hækkun frá raunverði 2010 var rúm 71 kr/kg. Verð á öðru kindakjöti varð tæpar 245 kr/kg. Það ríflega tvöfaldaðist í verði frá 2010 og nam hækkunin um 128 kr/kg. Viðmiðunarverð LS fyrir lambakjöt var 581 kr fyrir lambakjöt og 301 kr fyrir annað kindakjöt svo talsvert vantaði upp á að það næðist. Verð sláturhúsa fyrir lambakjöt voru á bilinu 492-494 kr/kg fyrir lambakjöt að undanskildu Fjallalambi sem greiddi 483 kr. Verðin fyrir annað kindakjöt voru á bilinu 244-249 kr/kg.

Heildarmeðalverð sláturhúsanna þegar búið er að vega saman lambakjöt og annað kjöt endaði því á bilinu 466-468 kr að undanskildu Fjallalambi þar sem það var 459 kr.

Athugið að allir ofangreindir útreikningar miðast við flokkun og sláturmagn á landsvísu.



Gledileg jóll!

NorFor þáttakendur

NorFor verkefnið hefur farið vel af stað og er áætlanagerð í fullum gangi. Smám saman fæst meiri reynsla á NorFor kerfið sem verður vonandi til þess að „NorFor verkfærið“ nýtist okkur enn betur. Það er því frábært þegar bændur eru vel vakandi og láta vita ef þeim finnst þurfa að endurskoða áætlanirnar sem og þegar vel gengur. Að ná betri árangri í fóðurnarmálum er oft á tíðum langhlaup. Því meira sem við erum vakandi yfir hvað gerist í fjósinu hverju sinni (t.d. fóðurmagn og tegundir) höfum við betri yfirsýn sem auðveldar okkur að stefna í „betri“ átt.

Ég hyggst að heimsækja öll NorFor búin í janúar og fara yfir stöðuna með ykkur, þ.e. hvað hefur gengið vel og hvað betur mætti fara. Því meira sem bændur hafa punktað hjá sér (yfirsýn), því meiri líkur eru á að við höfum í sameiningu eitthvað í höndunum til að hjálpa til okkur að ná settum markmiðum.

Enn og aftur, NorFor þáttakendur! Hikið ekki við að hafa samband ef að ykkur finnst þurfa að skoða málin betur eða eitthvað sem þið eruð að velta fyrir ykkur og við reynum að finna lausn í sameiningu.

Með von um áframhaldandi gott samstarf.

Jólakveðjur,

Hrafnhildur (hrafnhildur@bssl.is)

Erfðaframfarir skila meðalkúabúinu yfir 100 þús. kr. á ári

Þann 30. nóvember s.l. fór fram ráðstefna um nautgriparækt á Hótel Sögu í Reykjavík. Á ráðstefnunni kom margt fróðlegt fram en hún hófst á erindi um ræktunarárangur síðustu 30 ára sem Ágúst Sigurðsson flutti. Erindið var unnið upp úr rannsókn sem Ágúst og Jón Viðar Jónmundsson gerðu og voru niðurstöður hennar birtar í Icelandic Agricultural Sciences (www.ias.is) fyrir skömmu. Í erindinu kom fram að erfðaframfarir hafa skilað okkur síðasta áratuginn aukningu í nyt sem nemur 33 kg af mjólk á grip á ári eða 1,2 kg próteins. Ef við reiknum þessa afurðaaukningu til verðs þá nemur aukningin rúmlega 2.500 kr/grip á ári og er þá eingöngu verið að tala um framfarir í mjólkurmagni.

Fyrir 40 kúa bú eru þetta þá rúmlega 100 þús. kr. á ári eða rúmlega 1 millj. króna á einum áratug. Við þetta má svo bæta framförum í öðrum eiginleikum og svo kostnaðarlækkun vegna færri gripa til þess að framleiða sama magn af mjólk.

Erindin og glærurnar hafa verið birtar á vef Bændasamtakanna.